

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Smiðjustígur 13A, Flúðum.

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi sem felur í sér að einni lóð innan gildandi deiliskipulags, Smiðjustíg 13A, er breytt úr einbýlishúsalóð í þriggja íbúða raðhúsalóð. Samþykkt í sveitarstjórn 4. júlí 2019.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. september 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. september 2019